

**Nd.**

**267. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

Frá samgöngumálanefnd.

Þegar frv. til laga þeirra, er hér um ræðir, var til meðferðar í þinginu í fyrra, voru það hin einu verulegu andmæli gegn því, að mikið skorti á fulla sanngirni í því, að ætla notendum og eigendum fasteigna einum að bera skatt þann, er lögin hljóða um, og að hann næði ekki til annara hversu vel efnun búnir sem þeir væru. Misrjetti í þessu efni mundi og koma sjerstaklega hart niður á fasteignaeigendum í kaптúnunum og sjávarsveitunum.

Með frv. því, er nú liggur fyrir, er það lagt á vald hreppsnefnda, hvernig skatturinn verður á lagður í hverjum hreppi fyrir sig, og mundi það í flestum tilfellum fara eftir samkomulagi hreppsbúa sjálfra.

Nefndin er á einu máli um, að breytingin sje hagkvæm, og leggur því til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 31. mars 1924.

Jón A. Jónsson,  
form.

H. J. Kristófersson,  
fundaskrifari.

Pjetur Þórðarson,  
framsögum.

Sveinn Ólafsson.      Árni Jónsson.